

Fundur 2. mars 2007

Fundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Reykhólahrepps föstudaginn 2. mars 2007 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson Magnusen byggingarfulltrúi, Ragnar Jóhannsson, slökkviliðsstjóri og Óskar Steingrímsson sem ritaði fundargerð.

Sveinn setti fund og gengið var til dagskrár:

1. Umsókn frá Þörungaverksmiðjunni hf um stöðuleyfi fyrir tvö fjölnotahús á Reykhólum. Um er að ræða “gámahús” 9x3 metrar að stærð.
Bygginganefnd telur staðsetningu innan íbúðarbyggðar ekki ákjósanlega í þessu tilfelli þar sem fram þyrfti að fara grenndarkynning sem gæti tekið a.m.k. 6-8 vikur og óvíst um útkomuna.
Bygginganefnd leggur til að veita stöðuleyfi í tólf mánuði fyrir tvö fjölnotahús í Karlsey á uppfyllingu norðan við bílastæði verksmiðjunnar. Þörungaverksmiðjan hf skili inn afstöðumynd af staðsetningu húsanna. Eins þarf að skila inn umsögn Heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða og Vinnueftirlits ríkisins um að húsin og frágangur þeirra uppfylli allar kröfur. Gögnum þessum skal skila inn til sveitarstjóra sem felur byggingafulltrúa að ganga frá málinu.
2. Erindi frá Guðmundi Páli Ólafssyni með beiðni um lóðaleigusamning til 50 ára fyrir lóð undir Vorsali og Sláturhús í Flatey.
Ákveðið að fresta afgreiðslu málsins þar sem lóðamörk í Flatey eru mjög óljós og til stendur að vinna að uppfærslu deiliskipulags gamla þorpsins.
3. Umsókn frá Reykhólahreppi um leyfi fyrir sparkvelli 18x33 metrar að stærð sem staðsettur yrði sunnan Reykhólakirkju. Erindið samþykkt með eftirfarandi skilyrðum: Skila skal inn nauðsynlegum teikningum. Leyfi þarf frá Landbúnaðarráðuneytinu fyrir lóðinni. Umsögn minjavarðar Vestfjarða liggji fyrir.
4. Umsókn frá Guðmundi Sigvaldasyni um leyfi til að byggja skjólvegg á milli bílskúrs og íbúðarhúss að Hellisbraut 34. Fyrir liggja teikningar. Erindið samþykkt.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:15.

Sveinn Ragnarsson (sign)

Eiríkur Kristjánsson (sign)

Bogi Kristinsson Mogensen (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)

Ragnar Jóhannsson (sign)